

2. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn sem fjarfundur þriðjudaginn 23.febrúar 2021 kl. 16:00.

Mættir eru allir aðalmenn hreppsnefndar;

Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Björn G. Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins;

1.Ákall sent til ráðuneyta varðandi aðgerðir í þágu heilsársbúsetu í Árneshreppi.

2.Bréf til aðila varðandi þrífösun og ljósleiðaravæðingu í Norðurfjörð í Árneshreppi.

1.Hreppsnefnd lýsti yfir samróma ánægju með erindið sem unnið var af Byggðastofnun, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og verkefnisstjóra Brothættra byggða/Áfram Árneshreppur. Erindið verður sent til Forsætisráðuneytis, Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis, Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Hreppsnefndarmenn telja að því fylgi aukinn slagkrafur að “utanaðkomandi” einstaklingar hafi unnið þetta erindi og vonast eftir jákvæðum viðbrögðum frá umræddum ráðuneytum.

2.Hreppsnefnd ákvað að senda sem flestum sem málið varðar, bréf þar sem lögð verður áherslu á að þrífösun og ljósleiðaravæðing Árneshrepps verði ekki lokið fyrr en búið er að koma hvoru tveggja í Norðurfjörð. Þar er einn af stærri vinnustöðum samfélagsins, þ.e.a.s. Norðurfjarðarhöfn.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00